**Ísafjörður 18. september 2020**

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
**b.t. Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðherra**
**Skúlagata 4**
**101 Reykjavík**

**Efni: „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.) Mál nr. 175/2020**

Umsagnaraðili: Tjaldtangi. ehf., kt. 420913-1250
Útgerð rækjubátanna Klakks ÍS-903 og Halldórs Sigurðssonar ÍS-14

# Samantekt

Þann 30. apríl 2019 skipaði Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda sem tekin eru til hliðar með því markmiði að efla atvinnu og byggð í landinu. Þann 18. febrúar 2020 skilaði starfshópurinn tillögum sínum til ráðherra.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.) mál nr. 147/2020, sem er til umsagnar í þessu skjali, byggir á stórum hluta á tillögum starfshópsins frá því í febrúar 2020.

Eftirfarandi eru athugasemdir Tjaldtanga ehf. um frumvarpið:

- Í frumvarpinu er uppgjör til handhafa skel- og rækjubóta ófullnægjandi. Í marga áratugi hefur það verið viðurkennt að handhafar skel- og rækjubóta létu frá sér aflaheimildir í bolfiski til að öðlast ótryggar sérveiðiheimildir í skel- og rækju. Í ljósi þess þá hafa handhafar skel- og rækjubóta fengið bætur í formi bolfisks þegar aflabrestur hefur riðið yfir.
- Sé vilji til þess að leggja niður skel- og rækjubótakerfið þá skal skila þeim bolfiskaflaheimildum sem þar eru beint til handhafa skel- og rækjuheimilda.
- Miðað við fyrirliggjandi forsendur þá verður uppgjör til rækjubáta í Ísafjarðardjúpi samtals um 634 tonn og eðlilegast er að útdeila því magni á skipin í réttu hlutfalli við núverandi aflahlutdeildir rækju í Ísafjarðardjúpi.
- Með uppgjöri til handhafa skel- og rækjubóta þá eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Annarsvegar er fiskveiðistjórnarkerfið einfaldað og hinsvegar kemur inn stuðningur á formi varanlegra aflaheimilda til handa rækjuútgerðum sem hafa átt undir högg að sækja síðustu ár.
- Hætta er á að með stórtæku fiskeldi í Ísafjarðardjúpi muni vistsvæði rækju skerðast og það geti leitt til hruns rækjustofnsins. Ef að þessi stórfeldu fiskeldisáform ganga eftir og rækjuveiðar leggjast af í kjölfarið þá verða stjórnvöld að vera með úrræði til að bæta útgerðum og starfsfólki framtíðar tekjumissi. Vegna yfirvofandi óvissu er mjög mikilvægt að hafa virkt bótakerfi til að bregðast við ef upp kemur aflabrestur vegna neikvæðra áhrifa fiskeldis á viðgang rækju í Ísafjarðardjúpi.

Ísafjörður 18. september 2020

Gunnar Torfason
f.h. Tjaldtanga ehf.

# Efnisyfirlit


Rækjuiðnaðurinn á Íslandi ..... 2
Alvarleg staða ..... 2
Hvað geta stjórnvöld gert? ..... 2
Uppgjör við handhafa skel- og rækjubóta ..... 2
Hvað getur rækjuiðnaðurinn gert? ..... 3
Tæknivæðing og nýsköpun ..... 3
Vöktun og rannsóknir veiðisvæða ..... 3
Höldum áfram að skrifa sögu rækjuiðnaðar ..... 4
Breytt veiðihlutfall ..... 5
Ógnanir ..... 5
Krafa um heildstætt umhverfismat ..... 6
Auknar líkur á fisksjúkdómum. ..... 6
Áhrif á botngerð og lífríki á botni. ..... 6
Áhrif sjókvíaeldis á rækjustofn ..... 6
Atvinnuvegi fórnað ..... 6
Skerðing atvinnuréttinda ..... 6
Ábyrgð ef illa fer ..... 6
Mikilvæg veiðisvæði rækju ..... 7
Veiðirétthafar ..... 8

# Rækjuiðnaðurinn á Íslandi

## Alvarleg staða

Ástand rækjustofna við Ísland hefur verið dapurt undanfarin ár og er rækjuveiði við Ísland nú sú minnsta í áratugi. Verulegur aflabrestur hefur orðið í úthafsrækjuveiðum og innfjarðarækjuveiði er nú lítil. Ómögulegt er að segja til um hvenær breyting verði til batnaðar í veiðum.

Heimsfaraldur Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir rækju frá Íslandi. Verð á rækju í erlendri mynt hefur lækkað um 30% á milli ára. Því er spáð að það muni taka nokkur ár að vinna til baka þau verð sem hafa boðist síðustu ár á okkar helsta rækjumarkaði, í Bretlandi.

Að fella niður rækjubætur við þessar aðstæður er gróf árás stjórnvalda á atvinnugrein sem á undir högg að sækja. Réttast væri að stjórnvöld bættu í stuðning við atvinnugreinina með því að auka varanlegar aflaheimildir sem gætu stutt við þær rækjuútgerðir sem eftir standa.

## Hvað geta stjórnvöld gert?

Ljóst er að staða rækjuiðnaðar á Íslandi er erfið og ef skilyrði breytast ekki má gera ráð fyrir áframhaldandi rekstrarerfiðleikum. Spurningin er hvort ástæða sé fyrir stjórnvöld að grípa inn í gang efnahagslífsins og styðja við rækjuiðnaðinn við þessar aðstæður. Nauðsynlegt er að skoða hvort hægt sé að breyta lögum vegna þeirra aðstæðna sem rækjuiðnaðurinn á Íslandi býr við í dag.

## Uppgjör við handhafa skel- og rækjubóta

Starfshópur sem fjallaði um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda gerði tillögu (nr. 10) um að gert verði upp við þá handhafa skel- og rækjubóta sem sannað geta að þeir hefi gefið frá sér aðrar aflahlutdeildir í skiptum fyrir skel- eða rækjuveiðileyfi og hafi ekki selt frá viðkomandi heimildir í skel- eða rækju. Uppgjöri verði lokið á þremur árum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verði falið að útfæra hvernig best verði staðið að slíku uppgjöri.

Í upphafi níunda áratugs síðustu aldar (1984) var rækjusjómönnum við djúp gert að láta frá sér aflahlutdeildir í bolfiski til að fá sérveiðiréttindi í rækju. Aflaheimildir sem gefnar voru eftir í skiptum fyrir heimildir í rækju- og skelfiski runnu inn í almenna kvótakerfið. Skerðing rækjusjómanna við Ísafjarðardjúp var um 1.000 tonna af bolfiski sem runnu inn í almenna kvótakerfið.

Við úthlutun á rækju við Ísafjarðardjúp var bátum skipt í þrjá flokka, undir 14 brúttórúmlestir, milli 14 og 18 brl. og yfir 18 brl. Skipin fengu mismiklar hlutdeildir í rækju og þurftu að láta frá sér mismundandi hlutdeildir í bolfiski. Þessvegna er mikilvægt að fara í þá vinnu að greina nákvæmlega gögn Fiskifélags Íslands sem vistuð eru á Þjóðskjalasafni Íslands og fá fram nákvæmlega hversu mikið af bolfiski rækjusjómenn þurftu að láta af hendi árið 1984 til að halda sérveiðiréttindum í rækju í Ísafjarðardjúpi.

Skel- og rækjubótum var komið á á grundvelli 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með sérstakri úthlutun með reglugerð nr. 519/1999 fyrir innfjarðarækju og með reglugerð nr. 629/2001 fyrir hörpudisk.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að þessar bætur yrðu tímabundnar. Ákvæðin um þessar tímabundnu ráðstafanir voru síðar framlengd og ákvæði um tímabundna ráðstöfunin tekin úr sambandi. Ráðstöfunin var gerð varanleg í ljósi þess að varanlegar aflaheimildir í bolfiski voru teknar af rækjusjómönnum ef þeir kysu að halda sérveiðiréttindum í rækju við djúp. Eðlilegt er að uppgjör við handhafa rækju- og skelbóta yrði í heimildum í almenna kerfinu. Einfaldast er

að skila til baka heimildum sem útgerðir skiluðu inn í upphafi og úthluta þeim síðan varanlega skv. núverandi hlutdeildum í skel og rækju.

Tjaldtangi ehf. mælist til þess að gert verði upp við alla handhafa skel- og rækjubóta. Öll gögn liggja fyrir, á Þjóðskjalasafni Íslands, um þær aflaheimildir sem útgerðir gáfu frá sér til að öðlast sérveiðiréttindi.

Með uppgjöri til handhafa skel- og rækjubóta þá eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Annarsvegar er fiskveiðistjórnarkerfið einfaldað og hinsvegar kemur inn stuðningur á formi varanlegra aflaheimilda til handa rækjuútgerðum sem hafa átt undir högg að sækja síðustu ár.

## Hvað getur rækjuiðnaðurinn gert?

### Tæknivæðing og nýsköpun

Það er ýmislegt sem rækjuiðnaðurinn hefur gert undanfarin ár til að halda velli við sífellt erfiðari ytri rekstrarskilyrði. Í nálgun sinni við að gera veiðar á rækju sjálfbærar við íslandsstrendur þá hefur Tjaldtangi ehf. fjárfest ríkulega í aflaheimildum, í tæknibúnaði og varið fjármunum í nýsköpun. Fyrirtækið hefur trú á að með samþjöppun aflaheimilda, færri skipum, tæknivæðingu og nýsköpun þá sé hægt að stunda arðbærar rækjuveiðar á Íslandi til framtíðar.

Fjárfest hefur verið í búnaði frá íslenskum fyrirtækjum. Í skip félagsins hefur verið bætt við þriðju togvindunni til að geta dregið tvö rækjutroll samtímis. Breytingar á skipinu voru framkvæmdar af Stálsmiðjunni Framtak í Reykjavík. Sett var upp nýr togvindustjórnbúnaður frá Naust Marine í Hafnarfirði. Einnig var hannað sérstakt rækjutroll með Hampiðjunni sem nefnt hefur verið „Pandalus". Þá var einnig hannaður nýr rækjupoki í samráði við Hampiðjuna sem eykur kjörhæfni við rækjuveiðar. Þ.e.a.s. að stjórna má betur því hvaða stærð af rækju kemur í rækjupokann. Stór rækja er fönguð á meðan smærri rækja sleppur í gegnum möskvana.

Á undanförnum árum þá hefur Tjaldtangi ehf. átt í samstarfi við fyrirækið Optitog um þróun á ljósvörpu til rækjuveiða. Nýverið var farinn rannsóknartúr og gefur sá túr góð fyrirheit um framhaldið. Stefnt er að því að skip félagsins muni hefja ljósvörpuveiðar á rækju næstkomandi vor. Ljósvörpuveiðar nýta ljósgeisla til að stýra rækjunni inn í rækjutrollið. Með því eykst veiði og færri olíulítra þarf að nota til að fanga hver kíló af rækju.

Með uppgjöri til handhafa skel- og rækjubóta þá munu stjórnvöld veita útgerðum varanlegan stuðning til að bregðast við samdrætti í rækjuveiðum.

### Vöktun og rannsóknir veiðisvæða

Skip Tjaldtanga ehf., Halldór Sigurðsson ÍS 14 er handhafi veiðiheimilda við norðanverðan Breiðafjörð. Helstu veiðisvæðin eru við Kerlingarfjörð og Skálmafjörð. Góð rækjuveiði var á þessum svæðum í upphafi aldarinnar en veiðum var hætt árið 2003. Halldór Sigurðsson fiskaði 94 tonn fiskveiðiárið 2000/2001, 50 tonn fiskveiðiárið 2001/2002 og 13 tonn fiskveiðiárið 2002/2003.

Hafrannsóknarstofnun rannsakaði svæðin bæði árin 2004 og 2009 en ekki var nægileg rækja á svæðinu til að heimila veiðar.

Vegna mannfæðar og peningaleysis þá hefur Hafrannsóknarstofnun hætt vöktun og rannsóknum á svæðinu. Að frumkvæði Tjaldtanga ehf. þá hefur fyrirtækið fengið heimild Hafrannsóknarstofnunar til að vakta og rannsaka svæðið á eigin vegum. Farið var í vöktunar og rannsóknartúra á Halldóri Sigurðssyni ÍS 14 bæði árin 2014 og 2017. Kostnaður vegna leiðangursins var kostaður af Tjaldtanga ehf. bæði árin.

Tjaldtangi ehf. Hefur áhuga á að vakta og rannsaka svæðið áfram og rækjubætur eru mjög mikilvægar til að mæta þeim kostnaði sem til fellur við vöktun og rannsóknir.

## Höldum áfram að skrifa sögu rækjuiðnaðar

Rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi má rekja allt aftur til ársins 1924 þegar bræðurnir Símon Olsen og Ole G. Syre hófu tilraunaveiðar með rækju úr Ísafjarðardjúpi. Það var svo 1935 sem veiðar hófust aftur með góðum árangri og var það grunnurinn að blómlegum atvinnuvegi við Ísafjarðardjúp allt fram á okkar daga.

Veiði á rækju í djúpinu hefur alltaf verið sveiflukennd og allt frá upphafsárunum komu ár þar sem veiðin var lítil sem engin og forsendur fyrir veiði brást. En þrátt fyrir að veiði á rækju hafi á stundum legið niðri eins og gerðist nú síðast frá 2003/4 til 2010/11, þá hefur þekkingin á veiðinni ekki tapast og útgerðir og atvinnutæki haldist á svæðinu.




Þær bætur í bolfiski sem útgerðir við djúp fengu á aflabrestárum gerðu það að verkum að þekking tapaðist ekki úr samfélaginu og útgerðir og atvinnutæki héldust á svæðinu. Tilurð rækjubótakerfisins sannaði sig á þessum árum. Frá því að veiðar hófust að nýju þá hafa rækjusjómenn fært íslensku samfélagi mikil verðmæti.

Rækjubæturnar sem veittar voru í upphafi voru 634 tonn, en ráðuneytið miðað það magn við þá skerðingu sem bátarnir urðu fyrir við útgáfu sérveiðileyfa árið 1984.

Stofnstærð rækju í Ísafjarðardjúpi mun sveiflast í framtíðinni. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á vöxt og viðgang rækjunnar. Mikilvægt er að hafa einhverkonar sveiflujafnara í kerfinu til að bregðast við áföllum. Einnig er mikilvægt er að hafa einhverskonar bótakerfi til að bæta rækjusjómönnum ef varanleg eyðilegging á sér stað af ákvörðunum stjórnvalda, t.d. með veitingu leyfa til stórfelds fiskeldis á viðkvæmum vistsvæðum rækju í Ísafjarðardjúpi.

Við eigum að vera stolt af sögu okkar og gera allt sem mögulegt er til að halda áfram að skrifa hana.

## Breytt veiðihlutfall

Ein af ástæðum þess að afrakstur rækjustofna við Ísland hefur minnkað er breytt veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Veiðiráðgjöfin er mun varfærnari nú en hún var t.d. við síðustu aldamót.

Árlega rannsakar Hafrannsóknarstofnun ástand rækju í Ísafjarðardjúpi. Út frá þeim rannsóknum kemur í ljós hver heildar veiðistofn rækju er. Um síðustu aldamót ráðlagði stofnunin að veiða mætti allan veiðistofninn á hverju ári (veiðihlutfall 100%). Þessi nálgun gerði ráð fyrir að nýliðun kæmi síðan áfram sterk inn. Þessi nálgun var e.t.v. ekki þjóðhagslega hagkvæm því rækjubátarnir voru stundum lengi að klára að ná sínum aflaheimildum í hús. Mikil olía fór í að sækja síðasta kíló vertíðarinnar. Þessum vinnubrögðum var síðan breitt árið 2010 og veiðihlutfallið var fært niður í 50%. Þ.e.a.s. heimilt er að veiða 50% af veiðistofninum og helmingurinn skilinn eftir í hafi til að veiða síðar eða drepast. Þessi breytta nálgun hefur gert það að verkum að bátarnir fá litlum aflaheimildum úthlutað og eru ávallt með fullfermi eftir veiðidaginn. Þessi nálgun er e.t.v. ekki þjóðhagslega hagkvæm því eitthvað að rækjunni deyr náttúrulegum dauðdaga og nýtist ekki til verðmætasköpunar fyrir samfélagið.

Rækjusjómenn hafa óskað eftir því að veiðihlutfall verði hækkað upp í 75%.

## Ógnanir

Hætta er á að með stórtæku fiskeldi í Ísafjarðardjúpi muni vistsvæði rækju skerðast og það geti leitt til hruns rækjustofnsins. Ef að þessi stórfeldu fiskeldisáform ganga eftir og rækjuveiðar leggjast af í kjölfarið þá verða stjórnvöld að vera með úrræði til að bæta útgerðum og starfsfólki framtíðar tekjumissi. Vegna yfirvofandi óvissu er mjög mikilvægt að hafa virkt bótakerfi til að bregðast við ef upp kemur aflabrestur vegna neikvæðra áhrifa fiskeldis á viðgang rækju í Ísafjarðardjúpi.

Rækjusjómenn við djúp hafa barist ítrekað fyrir því að sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi fari í umhverfismat og heildstætt mat verði gert á áhrifum fiskeldis á veiðar og viðkomu rækjustofnsins. Samanber kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá maí 2012 og apríl 2014. Annarsvegar vegna 7.000 tonna eldis Háafells ehf. og hinsvegar vegna 4.000 tonna eldis Dýrfisks ehf. Þann 15. júlí 2016 gerðu rækjusjómenn einnig athugasemdir við tillögu að matsáætlun Háafells ehf. Þann 5. júní 2019 gerðu rækjusjómenn athugasemdir við matsáætlun Háafells vegna framleiðslu á 15.000 tonnum af regnbogasilungi og 6.000 tonna framleiðslu á Laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Stórfelt fiskeldi í Ísafjarðardjúpi mun skerða vistsvæði rækju og það getur leitt til hruns rækjustofnsins. Efirfarandi er listi yfir stórtækustu, fyrirhuguðu fiskeldisáformin í Ísafjarðardjúpi.

- 6.800 tonna fiskeldi Háafells ehf.
- 6.000 tonna fiskeldi Háafells ehf.
- 15.000 tonna fiskeldi Háafells ehf.
- 4.000 tonna fiskeldi Dýrfisks ehf.
- 10.000 tonna fiskeldi Arnarlax ehf.
- 6.000 tonna fiskeldi Akvafuture ehf.




Fáist umbeðin leyfi samþykkt stefnir í að hámarksframleiðsla af eldisfiski, á hverju ári, geti aukist um 47.800 tonn. Það er mat Tjaldtanga ehf. að hætta er á að ef öll þessi fiskeldisáform komi til framkvæmda þá geti það gengið að rækjustofninum dauðum í Ísafjarðardjúpi.

### Krafa um heildstætt umhverfismat

Umhverfismat þurfi að skoðast heildstætt fyrir Ísafjarðardjúp. Það er meginkrafa undirritaðra að fyrirhuguð sjókvíaeldi fari í heildstætt umhverfismat þar sem gert verði heildstætt mat á áhrifum eldis á veiðar og viðkomu rækjustofnsins í Ísafjarðardjúpi.

### Auknar líkur á fisksjúkdómum.

Aukin lífmassi í Ísafjarðardjúpi mun auka líkur á að sjúkdómar valdi tjóni á svæðinu.

### Áhrif á botngerð og lífríki á botni.

Fyrirhugað fiskeldi mun hafa neikvæði áhrif á botngerð og lífríki á botni sem getur hamlað vöxt og viðgang rækju í Ísafjarðardjúpi.

### Áhrif sjókvíaeldis á rækjustofn

Mörgum spurningum er ósvarað um áhrif sjókvíaeldis á rækjustofn í Ísafjarðardjúpi til lengri og skemmri tíma. Eftirfarandi eru dæmi um spurningar sem þarf að svara áður en eldi er hafið;

- Hefur sjókvíaeldi áhrif á botnsvæði og botndýralíf þar sem rækjan heldur sig?
- Hafa slysasleppingar áhrif á afrán á rækjustofninn?
- Hefur sjókvíaeldi áhrif á fæðumöguleika rækjunnar?
- Hefur sjókvíaeldi áhrif á afrán sviflægra rækjulirfa á svæðinu?
- Hefur sjókvíaeldi áhrif á fiskgengd? Munu kvíarnar og fóðrið sem fellur þar framhjá auka fiskgengd sem aftur mun auka afrán á rækjustofninn?
- Hver eru langtímaáhrif sjókvíaeldis á viðgang og útbreiðslu rækju?

Allt eru þetta spurningar sem nauðsynlegt er að svara áður en umfangsmikið sjókvíaeldi hefst. Slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram og varhugavert að hefja umfangsmikið sjókvíaeldi án þess að auka og efla þekkingargrunn með rannsóknum.

### Atvinnuvegi fórnað

Umsagnaraðilar telja mikilvægt að kannað sé hver afrakstur rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi hafi verið undanfarin ár og áratugi. Kannað sé hvaða áhrif það muni hafa á samfélagið ef rækjuveiðar leggjast af við djúp.

### Skerðing atvinnuréttinda

Fyrirhugað eldi mun skerða togsvæði rækjuveiða og skerða þar með atvinnuréttindi rækjusjómanna við Ísafjarðardjúp. Atvinnuréttindi falla undir eignarréttarákvæði 72. greinar stjórnarskrárinnar og á þeim grundvelli er einkum átt við heimildir manna til að stunda áfram þau störf sem þeir hafa fengið að vinna og eiga fjárhagslega afkomu sína undir eða þau störf sem menn hafa fengið sérstakt leyfi stjórnvalda til að stunda. Það er mat umsagnaraðila að ef eldisáform ganga eftir þá getur það leitt til hruns rækjustofnsins í Ísafjarðardjúpi. Ef að þessi stórfeldu fiskeldisáform ganga eftir og rækjuveiðar leggjast af í kjölfarið þá verða stjórnvöld að vera með úrræði til að bæta útgerðum og starfsfólki framtíðar tekjumissi.

### Ábyrgð ef illa fer

Mikilvægt er að til séu úrræði til að taka til í umhverfinu ef rekstrarforsendur fiskeldis bresta og fiskeldisfélög fara í þrot. Allflest fiskeldisævintýri á Íslandi hafa farið í þrot. Rækjusjómenn í Ísafjarðardjúpi hafa þurft að hafa varan á sér vegna eins slíks ævintýris. Hér á árum áður fékk ónefnt fyrirtæki við djúp rekstrarleyfi til kræklingaræktunar. Á vegum fyrirtækisins voru kaðlar og botnfestingar sett út á nokkrum stöðum í djúpinu. Félagið fór síðan í þrot en festingar eru á hafsbotni og kaðlar eru enn á sveimi með tilheyrandi hættu fyrir sjófarendur. Engin ber síðan ábyrgð á því að fjarlægja kaðlana og botnfestingarnar.

## Mikilvæg veiðisvæði rækju

Óumdeilt er að sum togsvæði í djúpinu eru mikilvægari en önnur. Ekki eru til rannsóknir á mikilvægi togslóða með gögnum langt aftur í tímann og væri það þarfleg rannsókn að gera til að færa styrkari stoðir undir þekkingu manna á veiðisvæðum rækju í Ísafjarðardjúpi.

**Mynd 1:** Neðangreind mynd sýnir veiðisvæði rækju í Ísafjarðardjúpi veturinn 2015/2016.



**Heimild: Hafró**

**Mynd 2:** Neðangreind mynd sýni staðsetningar fyrirhugaðs fiskeldis í Ísafjarðardjúpi.




Ef bornar eru saman myndir eitt og tvö þá sést að fyrirhugað fiskeldi mun takmarka veiðar á rækju í Ísafjarðardjúpi.

## Veiðirétthafar

Bátar sem stunda veiðar á djúprækju eru tæplega 20 metra langir. Eftirfarandi er yfirlit yfir þá báta sem eru rétthafar aflaheimilda djúprækju 1. nóvember 2019.

| Bátur | Handhafi | Hlutdeild | Úthlutun |
|---|---|---|---|
| Valur ÍS | Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. | 36,8% | 197.930 |
| Halldór Sigurðsson ÍS 14 | Tjaldtangi ehf. | 30,6% | 164.520 |
| Gunnvör ÍS 53 | A.Ó.A. Útgerð ehf. | 15,0% | 80.700 |
| Ásdís ÍS 2 | Mýrarholt ehf. | 13,7% | 73.814 |
| Páll Helgi ÍS 142 | Páll Helgi ehf. | 3,9% | 21.036 |
| **Samtals** | | **100,0%** | **538.000** |

*Gunnvör ÍS 53*

*Ásdís ÍS 2*

*Halldór Sigurðsson ÍS 14*

*Páll Helgi ÍS 142*

*Valur ÍS 20*

*Örn ÍS 31*